



Tilkynning um kæru nr_ 73_2024

| | |
|----------------|---|
| Búið til | 10.7.2024 10:08:09 |
| Höfundur | Hera Elfarsdóttir |
| Móttekið dags. | 10.7.2024 09:34:32 |
| Tilheyrir | USK24070117 - Kæra nr. 73/2024 - Breyta bilastæðum í safnstæði fyrir rútur við Stórholt |

Efni

Tilkynning um kæru nr_ 73_2024

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|----------------|--------------------------|----------|----------|
| Móttekið dags. | 10.7.2024 09:34:32 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Málalykill | 00.15.02 Kæur og dómsmál | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is) |
| Til | usk@reykjavik.is |
| Cc | |

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttakin 7. júlí 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun

Reykjavíkurborgar um að breyta bílastæðum í safnstæði fyrir rútur við Stórholt.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Varði hin kærða ákvörðun hagsmuni þriðja aðila er óskað upplýsinga, þ. á m. netfang og/eða símanúmer, um viðkomandi sem allra fyrst.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf Þórunn Hafliðadóttir,
laganemi

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

9.7.2024 20:49

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|--------------|-------------------------|
| Fullt nafn | Anna Soffía Hauksdóttir |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | Stakkholt 4A |
| Póstnúmer | 105 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | |
| Netfang | |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

1. Kærandi/kærendur²

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|--------------|---------------------|
| Fullt nafn | Alma Sigurðardóttir |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | Stakkholt 4a |
| Póstnúmer | 105 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | |
| Netfang | |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

| | |
|--------------|--|
| Fullt nafn | |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | |
| Póstnúmer | |
| Sími | |
| Netfang | |
| Umboð | |

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

| | |
|--|--|
| Efni kærunnar | Safnstæði fyrir rútur sett upp við Stórholt í nágrenni við blokk með íbúðum á jarðhæð. |
| Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun | Reykjavíkurborg |
| Dagsetning ákvörðunar | 19.06.2024 |

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Kærandi gerir kröfu um að fallið verði frá því að staðsetja safnstæði fyrir rútur í nálægð við blokk með íbúðum á jarðhæð. Betur hentar að hafa safnstæði fyrir utan fyrirtæki heldur en íbúðarhúsnæði auk þess sem stæðið er ekki hannað fyrir rútur.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Kærandi er íbúi í húsi í næsta nágrenni safnstæðis. Nánar er tilgreint í lið 7 um ýmis atriði sem stæði þetta hefur áhrif á kæranda og nágretta, þar má nefna aukna loftmengun, aukið umferðaröryggi, röskun á svefnfriði og almennt hávaða.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Síðdegis 19. júní sá kærandi að búið var að mála "BUS" merki á svæði sem áður hafði verið bílastæði í Stórholti. Óljóst er hvenær ákvörðun var tekin enda var ákvörðunin um að setja upp safnstæði fyrir rútur ekki kynnt íbúum með formlegum hætti öðru en því að nokkrar tillögur voru nefndar í deiluskipulagi fyrir Hlemm en ekki nákvæm staðsetning auk þess sem fjórar götur voru nefndar.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

1. Ákvörðun um safnstæði fyrir rútur við Stórholt hefur ekki verið kynnt með nægilega góðum hætti né íbúum gert mögulegt að koma með athugasemdir áður en stæðið fór í notkun. Í deiliskipulagi fyrir Hlemm eru nefndar fjórar götur fyrir safnstæði fyrir rútur og leigubíla. Allt eru þetta langar götur og þar af leiðandi mörg svæði sem hefðu getað komið til greina. Það gerir íbúum illkleift að hreyfa við mótmælum að ákvörðunin er ekki kynnt með fullnægjandi hætti.
2. Hávaðamengun er af því að hafa safnstæði fyrir rútur svo nálægt íbúðarhúsi þar sem íbúðir eru meðal annars á jarðhæð í talsverðri nálægð við safnstæðið. Ferðir á rútum hefjast um miðja nótt og eru í gangi fram yfir miðnætti. Slíku safnstæði fylgir að farþegar og bílstjórar eru í samskiptum og þeim fylgir oft hávaði auk þess sem umferðarniður berst frá rúttunum.
3. Loftmengun fylgir rúttumferð og berst svifryk beint inn á palla og svalir íbúa í húsinu.
4. Safnstæðið skerðir umferðaröryggi. Aukin umferð fylgir safnstæði fyrir rútur. Börn sem búa í húsinu hafa í gegnum tíðina búið við skert umferðaröryggi vegna tíðra ferða hópbifreiða við húsið sem oft á tíðum er stöðvað með ólöglegum hætti fyrir utan hótél og gistihús og valda skertri sýn annarra bílstjóra. Rútubílastæði mun auka enn frekar á umferð á rúttum fyrir utan húsið okkar og skerða umferðaröryggi barna sem ganga og hjóla í skóla og frístundir. Einnig er rúttustæðið staðsett í hallandi götu þar sem umferð er oft fremur hröð þrátt fyrir að gatan sé frekar þröng. Þetta gerir bílstjórum erfiðara um vik að leggja stórum ökutækjum og skapar þannig óöryggi fyrir gangandi vegfarendur.
5. Stæðið sem um ræður er ekki hannað fyrir rútur. Rúturnar skaga út á götu þar sem er umferð akandi og gangandi. Eins virðist rúttum lagt í mismunandi átt eftir því sem bílstjórum hentar. Þetta gerir svæðið óörygg vegna ökutækja sem sveigja sér fram hjá í götu þar sem almennt er mikið um gangandi vegfarendur, bæði ferðafólk og íbúa.
6. Safnstæði fyrir rútur og safnstæði fyrir leigubíla er komið fyrir við sömu götuna á nánast sama reitnum þrátt fyrir að fjórar götur hafi verið nefndar sem mögulegar staðsetningar. Ósannjarnt er að íbúar í einni blokk þurfi að hafa hvort tveggja fyrir utan gluggann hjá sér.
7. Safnstæði ættu að vera staðsett fyrir utan fyrirtæki þar sem enginn er sofandi inni á nóttunni.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---------------|------------------------------------|
| Lýsing skjals | Mynd af rútum í stæði |
| Númer skjals: | 1 |
| Fylgiskjal | Safnstæði fyrir rútur - myndir.pdf |

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---------------|--|
| Lýsing skjals | Tilkynning um breytingu á staðsetningu safnstæða |
| Númer skjals: | 2 |
| Fylgiskjal | Tilkynning um breytingu á deiliskipulagi við Hlemm.jpg |



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 2024
USK24070117 og USK24070224

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í máli nr. 72/2024, kæra Ölmu Sigurðardóttur og Jónasar Magnússonar, dags. 7. júlí 2024 og í máli nr. 73/2024, kæra Ölmu Sigurðardóttur og Önnu Soffíu Hauksdóttur, dags. 9. júlí 2024.

Í framangreindum kærum er kærð ákvörðun afgreiðslufundar samgöngustjóra Reykjavíkurborgar, dags. 5. júní 2024, um að merkja stæði í Stórholti sem safnstæði fyrir hófbifreiðar og biðstæði fyrir leigubifreiðar.

Með tölvupóstum dags. 8. og 10. júní 2024 sendi úrskurðarnefndin Reykjavíkurborg ofangreindar kærur. Í greinargerð þessari er viðhorfum borgarinnar lýst til beggja kæranna.

Málavextir

Árið 2017 hófst undirbúningur fyrir nýtt deiliskipulag fyrir Hlemm þegar Reykjavíkurborg fór af stað með hugmyndaleit. Nýtt deiliskipulag fyrir Hlemm og nágrenni, umferðarskipulag og stækkun Hlemmtorgs var samþykkt í borgarráði 19. mars 2020. Breyting á deiliskipulaginu var samþykkt á embættisafsgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 22. apríl 2022.¹ Í greinargerð með tillögunni að deiliskipulags-breytingunni kemur fram í kafla 5.1.5 að tillagan geri ráð fyrir að safnstæði fyrir hópbifreiðar og leigubíla séu færð frá núverandi staðsetningu við Hlemm, Laugaveg og Rauðarárstíg þar sem nýtt deiliskipulag Hlemms geri ráð fyrir nýjum göngugötum og nýrri lóð Hlemmtorgs. Jafnframt kemur fram að nýjar staðsetningar verði skilgreindar samhliða endurhönnun svæðisins í næsta nágrenni og að mögulegar nýjar staðsetningar gætu verið Bríetartún, Grettisgata, Rauðarárstígur og Stórholt. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2022 til og með 13. apríl 2022 og bárust engar athugasemdir.

Frá því að undirbúningur á nýju deiliskipulagi fyrir Hlemm hófst árið 2017 hafa fyrirhugaðar breytingar verið vel kynntar í umhverfis- og skipulagsráði borgarinnar (áður skipulags- og samgönguráði, sjá yfirlit í *fylgiskjali 1*), ásamt því að fréttir um málið hafa reglulega verið birtar á heimasíðu borgarinnar sem og í fjölmiðlum.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs hefur veitt samgöngustjóra umboð (*fylgiskjal 2*), samkvæmt a. lið 3. gr. viðauka 2.5 við samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar (*fylgiskjal 3*), til að afgreiða mál sem

¹ Sjá fundargerð Skipulagsfulltrúa frá 22. apríl 2022. Mál nr. 18. Hlekkur á fundargerðina er aðgengilegur hér (sótt 6. ágúst 2024): http://gamli.rvk.is/vefur/owa/edutils.parse_page?nafn=SNF222865



varða breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar sem þurfa samþykki lögreglustjóra samkvæmt 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í tengslum við framkvæmdir á Hlemmi munu biðstæði fyrir leigubifreiðar og safnstæði fyrir hópþbifreiðar leggjast af og nauðsynlegt er að koma öðrum stæðum fyrir í nágrenninu svo hægt sé að halda uppi þjónustustigi við íbúa sem og ferðamenn á svæðinu. Á afgreiðslufundi samgöngustjóra þann 5. júní 2024 var samþykkt að merkja 7 bifreiðastæði sunnan megin Stórhólts, beggja vegna Þverholts, sem biðstæði fyrir leigubifreiðar (*fylgiskjal 4*). Einnig var samþykkt að merkja bifreiðastæði norðan megin Stórhólts, milli Þverholts og Rauðarárstígs, sem safnstæði hópþbifreiða. Merkingin er gerð á grundvelli a. liðar 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með áorðnum breytingum, og var samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu með tölvupósti þann 5. júní 2024 (*fylgiskjal 5*). Fundargerðin var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar 12. júní 2024 og auglýsing var birt í stjórnartíðindum 25. júní 2024.

Kröfugerð

Kærendur í báðum málum krefjast þess að fallið verði frá því að staðsetja safnstæði fyrir hópþbifreiðar og leigubifreiðar í Stórholti.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

Málsástæður og lagarök kæranda

Varðandi málsástæður og lagarök kæranda vísast til kæru, en kærendur byggja einna helst á því að ákvörðunin hafi ekki verið kynnt með formlegum hætti fyrir íbúum og hagsmunaaðilum á svæðinu og að staðsetning stæðanna sé óhentug, valdi ónæði, aukinni loftmengun og skerði umferðaröryggi.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Verður afstöðu Reykjavíkurborgar hér gerð skil, í samræmi við þær röksemdir og það orðalag sem kemur fram í kærnunum. Er rökstuðningi og afstöðu borgarinnar skipt upp í sex kafla.

1. Aðalskipulag Reykjavíkur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er umrætt svæði skilgreint sem M1b, blönduð miðborgarbyggð, þar sem m.a. er gert ráð fyrir stofnunum, skrifstofum og sérhæfðri þjónustu, auk almennrar miðborgarstarfsemi samkvæmt skilgreiningu miðsvæða.² Eðli málsins samkvæmt er þungamiðja almenningsgangna og lykilskiptistöðvar í hverju þéttbýli jafnan á miðborgarsvæðum. Svo hefur ávallt verið í skipulagi Reykjavíkur. Að auki er eitt meginmarkmið aðalskipulagsins að efla miðborgina, og er „*efling miðborgarinnar sem kjarna stjórnarsýslu, verslunar, þjónustu, menningar og ferðaþjónustu [... lykilatríði við að styrkja atvinnulíf höfuðborgarinnar.*” (AR2040, bls. 29). Um miðborgina segir enn

² Aðalskipulag Reykjavíkur, dags. 19. október 2021, samþykkt af borgarstjórn 21. desember 2021. Bls. 94-95. Hlekkur sóttur 2. ágúst 2024: https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-05/AR2040_utgafa_screen_0.pdf



fremur í aðalskipulagi að einnig myndi „miðborgin meginkjarna smásöluverslunar, sértækrar þjónustu, afþreyingar og ferðaþjónustu.“ (AR2040, 94)

2. Nánar um deiliskipulag Hlemms

Hlemmur og skipulag Hlemms var verkefni starfshóps sem settur var á laggirnar haustið 2013. Verkefnið hefur verið í vinnslu í þó nokkur ár, og hafa fjölbreytt sjónarmið verið tekin til skoðunar. Umhverfisáherslur hafa einnig tekið breytingum yfir tímabilið. Þétting byggðar, efling fjölbreyttra ferðamáta og breyting ferðavenja, sem og önnur umhverfissjónarmið, veða hér þungt.

Þann 15. júní 2017 tók gildi breytt fyrirkomulag vegna aksturs hópþingreiða um miðborgina. Var hópþingreiðum óheimilt að aka um götur miðborgarinnar innan ákveðins svæðis, sem liggur nokkurn veginn innan Snorrabrautar, Hverfisgötu, Lækjargötu og Fríkirkjuveggar. Við breytingarnar var safnstæðum fjölgað í 12, og eru þau nú (árið 2024) 14 talsins.³ Hefur því verið lagt bann við akstri hópþingreiða í gegnum meirihluta miðborgarsvæðisins, sem kallar á ríkari þörf á skipulagi svokallaðra safnstæða við jaðar miðborgarinnar.

Fyrirhuguð safnstæði sem eru hér til álita, voru kynnt og auglýst veturinn 2019-2020, eins og nánar er útlistað í málavöxtum hér að framan. Greinargerðin „*Deiliskipulag fyrir Hlemm og nágrenni - Umferðarskipulag og stækkun Hlemmtorgs*“ dags. 27. nóvember 2019 (*fylgiskjal 6*) var samþykkt til auglýsingar þann 5. desember 2019. Var frestur til 29 janúar 2020 til að koma skriflegum athugasemdum og ábendingum á framfæri. Deiliskipulagið var svo samþykkt þann 11. mars 2020 í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur.

Um safnstæði er svo sérstaklega fjallað í kafla 4.1.5. á blaðsíðu 26. Þar segir:

„Tillagan gerir ráð fyrir að safnstæði fyrir hópferðabíla og leigubíla séu færð frá núverandi staðsetningu við Hlemm, Laugaveg og Rauðarárstíg þar sem tillaga að nýju deiliskipulagi Hlemms gerir ráð fyrir nýjum göngugötum og nýrri lóð Hlemmtorgs. Nýjar staðsetningar verða skilgreindar samhliða endurhönnun svæðisins, í næsta nágrenni. Mögulegar nýjar staðsetningar gætu verið við Bríetartún, Grettisgötu, Rauðarárstígur og Stórholt.“

Opinn kynningarfundur var haldinn um deiliskipulagið og verkefnið almennt, nánar tiltekið 23. janúar 2020. Að fresti liðnum var tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust, og sneru þær einkum að aðgengi, bílastæðum, umferðarflæði, vörulosun og sorphirðu.⁴

Deiliskipulagið var uppfært 18. janúar 2022, og voru engar breytingar gerðar á kaflanum er varðar safnstæði (*fylgiskjal 7*). Eins og áður hefur verið rakið var tillagan auglýst frá 2. mars 2022 til og með 13. apríl 2022. Engar athugasemdir bárust. Framkvæmdir og

³ Sjá nánar á vef Reykjavíkurborgar: [Almenningssamgöngur | Reykjavík](#)

⁴ Sjá fundargerðir skipulags- og samgönguráðs 11. mars 2020, undir máli nr. 3 í fundargerð. Er þar hlekkur inn á umsögn og samantekt Reykjavíkurborgar vegna þeirra athugasemda sem bárust. <https://reykjavik.is/fundargerdir/skipulags-og-samgongurad-starfadi-2018-2022-fundur-nr-66>



aðgerðir sem lúta að því að framfylgja skilmálum ofangreinds deiliskipulags, og færa safnstæðin á þá staði sem þegar voru tilgreindir í skipulaginu, þarf ekki að kynna eða auglýsa sérstaklega. Notkunarbreyting stæðanna er gerð, eins og fyrr var rakið, á grundvelli 1. mgr. 84. gr. umferðarlaganna.

3. Loftmengun og önnur mengun (t.d. hávaði)

Á umræddu svæði voru áður almenn bílastæði. Safnstæðin fyrir hópþifreiðir voru áður staðsett vestan megin við Center Hotel, Miðgarð, nánar tiltekið á Rauðarárstíg. Ekki getur talist vera aukin mengun eða hávaði sem fylgi því að færa hópþifreiðastæðin, né að nú leggi hópþifreiðir og leigubílar í stæðin en ekki önnur ökutæki.

Við notkun safn- og biðstæðanna er gert ráð fyrir því að hvorki hóp- né leigubílar séu hafðir í gangi þegar þeir eru kyrrstæðir. Samkvæmt 6.2. grein reglugerðar nr. 788/1999, um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretna, er óheimilt að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á. Þetta gildir jafnt um hópþifreiðar og leigubíla, sem og önnur ökutæki. Er fyrirtækjum og atvinnurekendum hópþifreiðanna og leigubíla því óheimilt að láta þifreiðir standa í lausagangi. Bent er á 13. gr. ofangreindrar reglugerðar, þar sem segir:

13.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

13.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

Reglugerð nr. 788/1999 er sett með stoð í ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal tilkynna brot til lögreglu, eða leggja fram kvörtun til Umhverfisstofnunar eða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með kröfu um álagningu dagsektar eða annarra þvingunarúrræða sem ofangreind lög heimila.

Það þykir sérstök ástæða að tiltaka í greinargerð þessari að meginmarkmið breytinganna við Hlemmtorg er að skapa vistvænt umhverfi á Hlemmi og nágrenni fyrir gangandi vegfarendur, stað sem mun gegna mikilvægu hlutverki fyrir mannlíf og samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.⁵ Framtíðarmarkmið deiliskipulagsins, uppbygging Hlemmsvæðisins og þau umhverfissjónarmið sem þar ríkja er eitt meginmarkmið deiliskipulagsins. Dregið verður úr umferð vélknúinna ökutækja, bílastæði fjarlægð og bætt við trjágróðri. Þessir hvatar ættu að leiða til minni útblásturs gróðurhúsalofttegunda og þannig minnka loftmengun, hávaða og aðra mengun við svæðið. Mun deiliskipulagið þannig leiða til aukinna lífsgæða og mögulega bættrar lýðheilsu á svæðinu, og munu samgöngur jafnframt bætast til muna, sem og ferðavenjur verða fjölbreyttari.

⁵ Sjá nánar úr frétt Reykjavíkurborg um kynningarfund vegna deiliskipulags við Hlemm, dags. 16. Janúar 2020: [Kynningarfundur um deiliskipulag fyrir Hlemm og nágrenni | Reykjavík](#)



4. Staðsetning við íbúðarhúsnæði í miðborg Reykjavíkur

Stæðin eru staðsett fyrir utan atvinnuhúsnæði. eru þau því ekki staðsett fyrir framan íbúðarhúsnæði, sjá skýringarmynd (*fylgiskjal 8*). Mætti skipta svæðinu upp í þrjár minni einingar:

- a. Safnstæði fyrir hópþífreiddar er staðsett fyrir framan Center Hotel, Miðgarður, Laugavegur 120.
- b. Fjögur safnstæði fyrir leigubíla eru staðsett við Utanríkisráðuneytið, Rauðarárstígur 25.
- c. Fjögur safnstæði fyrir leigubíla eru staðsett við Listaháskóla Íslands, Þverholt 11.

Í þessu samhengi vill Reykjavíkurborg áréttta að íbúar og eigendur fasteigna í borginni geta almennt vænst framkvæmda sem gætu haft í för með sér ákveðnar breytingar, s.s. breyting á ásýnd svæðis, aðgengi, þjónustu og starfsemi, umferðaraukningu eða annað. Almennar framkvæmdir og aðgerðir sem eru í samræmi við aðalskipulag og framtíðarsýn borgarinnar, sem hafa farið í gegnum langa og ítarlega deiliskipulagsvinnu og verið auglýstar í opinni kynningu, eru almennt hugsaðar til hagsbóta fyrir miðborgina í heild og íbúa hennar, sem og gesti. Óneitanlega geta þó einhverjir íbúar talið sérhagsmuna sína skerta með slíkum breytingum eða framkvæmdum. Með búsetu sinni í miðborg Reykjavíkur kunna íbúar þó að þurfa að sæta þeirri skerðingu, a.m.k. upp að einhverju marki.

5. Umferðaröryggi og að stæðið sé ekki hannað fyrir rútur

Eins og áður hefur verið rakið voru umrædd bílastæði notuð sem almenn stæði áður en þeim var breytt í safnstæði. Aðliggjandi lóðir og byggingarreitir eru m.a. fyrir gististarfsemi, skrifstofur og skóla, skv. gildandi deiliskipulagi og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Er svæðið því skipulagt fyrir slíkar samgöngur sem miðar til dæmis við aðgengi að nærliggjandi þjónustu og verslun í miðborginni.

Framkvæmdin getur því ekki talist hafa neikvæðari áhrif en það sem talist getur eðlilegt innan bæði núverandi nýtingar á landi og heimilda sem getið er um í gildandi deiliskipulagi og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Akstur almenningsgangna og safnstæði er hluti af því sem búast má við innan þéttbýlis, og þá einkum innan miðborgar. Líkt og vísað er til gerir gildandi deiliskipulag beinlínis ráð fyrir þjónustubyggingum á reitnum, bæði ferðaþjónustu, skólum, skrifstofum, sem og annarri þjónustu, sem eflaust munu flestar koma til með að nýta sér safnstæðin.

Að auki hefur verið rakið hér í greinargerðinni að safnstæðið fyrir hópþífreiddar var áður staðsett við Rauðarárstíg, austan við hótelið. Safnstæðið liggur því ennþá að hótelinu, en nú sunnan megin við hótelið. Hefur hótelið tekið vel í breytingarnar og ekki lagt fram neinar athugasemdir þar um. Magn bílaumferðar, áður en til breytinga kom, var því nokkuð sambærileg þeirri bílaumferð sem væntanleg er á svæðinu. Umferðaröryggi er eftir því. Að auki hefur safnstæði fyrir hópþífreiddar verið komið fyrir í niðurbíll, þannig að umferð hópþífreidda er beint niður að Rauðarárstíg, en ekki upp Stórholtið. Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að ökutæki og hópþífreiddar þurfi minni eldsneyti eða orkugjafa til



að aka út úr stæðinu og úr miðborginni. Af því leiðir svo aftur meiri öryggi, minni loftmengun, og minni ónæði vegna hávaða.

6. Meðalhóf og samanburður

Stjórnvöldum ber að gæta meðalhófs við töku ákvarðana, og skal þá aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti. sbr. 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ekki er hér um að ræða íþyngjandi ákvörðun. Þó geta sjónarmið meðalhófsreglunnar átt hér við. Af meðalhófsreglunni leiðir að stjórnvöld beri að skoða þá möguleika sem liggja fyrir, og hvaða framkvæmd eða aðgerð komi til með að leiða af sér sem minnstu skerðingu almennt fyrir heildina, nánar tiltekið íbúa borgarinnar, vera innan gildandi skipulags, og þjóna markmiðum og skilgreiningum M1b, eins og þeim er útlistað í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Eins og tiltekið var í deiliskipulagi um safnstæði voru það einkum fjórir möguleikar sem komu til greina. Var Stórholt einn þeirra möguleika.

Í minnisblaði frá skrifstofu samgöngustjóra innan umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er nánar farið yfir þau sjónarmið og þau rök sem lágu til grundvallar þeirri ákvörðun að staðsetja safnstæðin við Stórholt (*fylgiskjal 9*). Við mat á staðsetningu safnstæða fyrir hópþingreiðar og leigubíla við Stórholt var litið til þess að stæðin væru sem næst Hlemmi. Þetta sjónarmið vó þungt, einkum þar sem umrædd stæði væru að koma í stað stæða sem áður voru þar. Einnig voru mikilvæg sjónarmið um nálægð við aðra þjónustu, ferðaþjónustu, verslun, skrifstofur og skóla. Þannig væru stæðin aðgengileg væntanlegum notendum og heppileg m.t.t. akstursleiða. Eins kæmust þau vel fyrir. Að auki vó þungt að stæðin væru ekki við húsvegg íbúðarhúsnæðis eða ekki alveg við íbúabyggð, eða við verslunar-/þjónustuhúsnæðis á jarðhæð. Staðsetning skipti máli, þannig að stæðin myndu gagnast sem best þeim hópi sem nýtir þau, þ.e.a.s. að safnstæðið sé nærri gistirýmum og Hlemmi þar sem eru góðar almenningsamgöngur.

Minnisblaðið tiltekur sérstaklega og ber saman hina þrjá möguleikana sem einnig þóttu koma til greina, sbr. Bríetartún, Grettisgötu og Rauðarárstíg, sunnan Njálsgötu. Voru þessir möguleikar þó taldir mun óheppilegri en safnstæði við Stórholt, og jafnvel ekki tækir vegna ákveðinna sjónarmiða sem nánar eru rakin í ofangreindu minnisblaði. Helst má nefna að nú þegar er safnstæði við Þórunnartún, akstursleiðir við Grettisgötu eru mun takmarkaðri og fjarlægð frá þjónustu mun meiri sem og nálægð við íbúðarhúsnæði.

Eins og hefur verið rakið mætti skipta safnstæðunum í Stórholti í þrjár einingar, og liggur ein einging (fjögur safnstæði fyrir leigubíl) í Þverholtinu við Listaháskólann. Til þess að koma til móts við íbúa gæti komið til skoðunar að færa þessi fjögur safnstæði. Yrði sú framkvæmd þó að vera í samhengi við þau leigubílastæði sem verða í framtíðinni tiltæk við Hlemmsvæðið. Á meðan framkvæmdir standa yfir við Hlemm verður Reykjavíkurborg að fá rými til að framkvæma þær tilfærslur á sem besta máta, og þannig að af þeim verði sem minnst skerðing á þjónustu og íbúabyggð Hlemmsvæðisins. Þannig þarf á sumum stöðum að verða breyting á ásýnd svæða og skipulagi, bæði á strætóstöðvum, bílastæðum, safnstæðum, leigubílastæðum, gönguleiðum, hjólastígum og fleiri innviðum



við svæðið. Hafa hugmyndir þess efnis að færa þau fjögur leigubílastæði sem nú eru við Þverholt verið bornar upp, og eru þær til skoðunar hjá samgöngustjóra Reykjavíkurborgar. Þær hugmyndir kæmu þá til álita þegar heildaryfirsýn og skipulag um leigubílastæði við Hlemm liggur fyrir.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu ákvörðunar um safnstæði í Stórholtinu, hvorki fyrir hópbifreiðar og leigubíla, og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni báðum kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Jóhanna Guðjónsdóttir og
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir,
lögfræðingar

- Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir afgreiðslur og umfjöllun í umhverfis- og skipulagsráði vegna breytinga á Hlemmi.
- Fylgiskjal 2: Umboð til samgöngustjóra, dags. 9. mars 2023.
- Fylgiskjal 3: Samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt viðaukum.
- Fylgiskjal 4: Fundargerð afgreiðslufundar samgöngustjóra, dags. 5. júní 2024.
- Fylgiskjal 5: Tölvupóstur frá lögreglunni, samþykki á sérákvæði um umferð, dags. 5. júní 2024
- Fylgiskjal 6: Greinargerð vegna deiliskipulags Hlemmtorgs, dags. 27. nóvember 2019
- Fylgiskjal 7: Greinargerð vegna deiliskipulags Hlemmtorgs, uppfærð, dags. 18. janúar 2022.
- Fylgiskjal 8: Skýringarmynd.
- Fylgiskjal 9: Minnisblað Samgöngustjóra: Ákvörðun um staðsetningu safn- og leigubifreiðastæða í Stórholti, dags. 1. ágúst 2024.